

Föstudaginn 22. september 1989.

Nr. 360/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Guðna Þorberg Theodórssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. september 1989, sem barst Hæstarétti 19. sama mánaðar, að því er ætla verður, í því skyni, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur eða að gæsluvarðhaldstími verði stytur.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. september 1989.

Ár 1989, föstudaginn 15. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að kærða, Guðna Þorberg Theodórssyni, kt. 02.10.71-3319, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 25. október nk. kl. 16.00. Kærði hefur mótmælt kröfunni, en gert þá kröfu til vara, að gæsluvarðhaldinu verði markaður styttri tími.

Kærði hefur við yfirheyrslur hjá RLR viðurkennt að hafa framselt tvo tékka, sem falsaðir voru úr hefti, sem stolið var úr bifreiðinni EX 749, en öðrum verðmætum var jafnframt stolið úr umræddri bifreið. Kærði kannast ekki við að hafa átt aðild að þessum þjófnaði.

Í kröfugerð RLR eru rakin 15 mál, þar sem kærði hefur komið við sögu undanfarna mánuði, aðallega vegna þjófnaðar. Kærði hefur kannast við, að upptalning þessi sé rétt.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 4. apríl sl., var kærði dæmdur í sjö mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár. Þá er til meðferðar í dóminum ákæra á hendur kærða, út gefin 17. júlí sl.

Kærði hefur borið, að hann hafi einungis stundað sjó fyrstu tvo mánuði þessa árs, en ekkert unnið eftir það. Þá virðist dvalarstaður kærða nokkuð á reiki, en kærði hefur lýst yfir því, að hann hyggist hefja nám í Iðnskólanum í Reykjavík, og kveðst hann vera skráður nemandi þar.

Af framansögðu er ljóst, að veruleg hætta er á því, að kærði haldi áfram brotum, haldi hann óskertu frelsi, og þykir því rétt með vísan til framanritaðs og 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka kröfu RLR til greina og kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 25. október nk. kl. 16.00, en kærði er grunaður um brot, er geta varðað hann fangelsisrefsingu, sbr. ákvæði XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Guðni Þorberg Theodórsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 25. október 1989 kl. 16.00.